

**umsk**

Binggerø 1999 — 75. Årsbing UMSK

# 75. Ársþing UMSK haldið í reiðhöll Gusts, Kópavogi 11. febrúar 1999

## 1. Þingsetning

Svanur Gestsson formaður UMSK setti þingið og bauð gesti og fulltrúa velkomna til þings. Í ávarpi sínu talaði hann um brautryðjendastarf það sem unnið hefur verið á þessari öld og bað menn um að huga vel að því hvernig við viljum skila af okkur til nýrra kynslóða á nýtri öld.

Pá minntist hann á það mikla sjálfboðaliðastarf sem unnið er í félögunum og hvatti sveitarstjórmarmenn til að meta þetta mikla starf að verðleikum.

Gestir þingsins voru Þórir Jónsson formaður UMFÍ, Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Gísli Halldórsson heiðursforseti ÍSÍ, Unnur Stefánsdóttir stjórn ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson stjórn ÍSÍ, Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, Anna Möller stjórn UMFÍ og Sigurður Geirdal bæjarstjóri Kópavogs.

## 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Þingið hófst á því að Svanur M. Gestsson formaður UMSK bar upp tillögu um Hallgrím Jónasson og Pál Aðalsteinsson, sem þingforseta

*Tillagan var samþykkt með lófataki.*

Pá bar hann upp tillögu um Jóhönnu Geirsþóttur og Valdimar L. Friðriksson sem þingritara.

*Tillagan var samþykkt með lófataki.*

## 3. Kosning þingritara

## 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Hallgrímur Jónasson þingforseti tók við stjórn þingsins, þakkaði þingheimi traustið og bar síðan upp tillögu um Steinar Einarsson, Ólaf Bjarnason og Jónas Már Felsted í kjörbréfanefnd og var tillagan samþykkt samhljóða. Tók nefndin þegar til starfa.

## 5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Svanur Gestsson formaður UMSK flutti skýrslu stjórnar. Hann stiklaði á efnisdráttum skýrslunnar sem lá prentuð frammi með þingögnum. Hann staldraði við á nokkrum stöðum og benti m.a. sambandsaðilum á mikilvægi þess að standa vel að gerð starfsskýrsla og skila þeim á réttum tíma.

## 6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Hilmarsson framkvæmdastjóri UMSK greindi frá endurskoðuðum reikningum sambandsins sem lágu fyrir prentaðir



## 7. Ávörp gesta

í ársskýrslu UMSK.

Fyrstur tók til máls **Sigurður Geridal**, bæjarstjóri í Kópavogi. Hann bauð fulltrúa og gesti velkomna, Hann lýsti yfir ánægju sinni með hina miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað á félagssvæði Gusts, sem er ekki síst tilkomin fyrir dugnað félaganna. Hann kvað tíu ár vera liðin frá því að hann hætti að fylgjast með starfi UMSK og fagnaði góðri skýrslu og fjárhag sambandsins. Í máli Sigurðar kom fram að Kópavogsbær hefur á undanförnum tíu árum lagt 2,5 miljarða í uppbyggingu og rekstur íþróttamannvirkja. Að lokum lýsti hann ánægju sinni með þann myndarlega mannskap sem mættur var til þings og bauð þingfulltrúum að þiggja kvöldverð í boði bæjarstjórnar Kópavogs.

Hallgrímur Jónasson þakkaði Sigurði hly orð í garð sambandsins og bað hann að færa bæjarstjórn Kópavogs þakkir fyrir kvöldverðarboðið.

Næstur tók til máls **Pórir Jónsson**, formaður UMFÍ. Hann kvaðst ánægður með góðan fjárhag sambandsins og það mikla starf sem unnið er fyrir unga fólkid. Pórir greindi frá því helsta sem fyrirhugað er í starfi UMFÍ. Árið 2000 verður 4. Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Vestfjörðum og vonuðust menn til að þátttakan yrði ekki síðri þar en áður hefur verið, þrátt fyrir miklar vegalengdir. Fyrirhugað væri að halda 23. Landsmót UMFÍ á Egilstöðum árið 2001 en töluvert átak þyrfti til að það takist. Pórir kvaðst þó viss um að það gengi allt vel. Hann lýsti ánægju sinni með fulltrúa UMSK, Önnu R. Möller í varastjórn UMFÍ, sagði hana starfa af miklum krafti með stjórn UMFÍ. Stjórn og varastjórn UMFÍ starfaði sem ein heild og því breytti ekki miklu hvort menn sætu í stjórn eða varastjórn.

3. umhverfisverðlaun UMFÍ voru veitt í janúar á Egilstöðum. Hann minntist á sumarhús sambandsins í Prastarskógi og kvað skóginna vera tilvalinn til gönguskíðaiðkunnar á þessum árstíma. Árið 2000 verður Norrænt menningarlandsmót haldið á Íslandi á vegum UMFÍ og NSU sem eru norræn samtök sem UMFÍ er aðili að. Á þetta móti er gert ráð fyrir u.p.b. 3000 gestum. Að lokum greindi Pórir frá því að hann væri fluttur í Mosfellsbæ og genginn til liðs við Aftureldingu og þar með orðinn félagsmaður innan UMSK.

**Ellert B. Schram** forseti ÍSÍ tók næstur til máls, hann kvaðst vera nýkominn af fundi í Sviss þar sem mikil umræða fór fram um spillingu innan Alþjóða Ólympíunefndarinnar. Fréttir af fundinum hafa haft áhrif hér á landi og skaðar ímynd íþróttar almennt, mikilvægt er að halda mannorði hreyfingarinnar hreinu.

Nú á tímum er almenningur meðvitaðri um gagnsemi íþróttar. Núna þegar ný öld gengur í garð verðum við að staldra við og skoða hreyfinguna og skipulag hennar, við þarfum að nýta hverja krónueins vel og hægt er. Það er margt að breytast sem hefur áhrif á umhverfi okkar þ.á.m. kjördæmaskipan. Hlutverk héraðssambandanna hefur breyst mikið á undanförnum árum og mætti t.d. sjá hjá UMSK þar sem nánast allt starf fer fram hjá aðildarfélögnum en í rauninni sáralítið hjá sambandinu sjálfu. Það þarf að skoða hvaða tilgangi héraðssambönd þjóna en við eignum alltaf að vera með hugann við hlutina og hugsa þá upp á nýtt, þannig er besta skipulagið fengið. Að lokum flutti Ellert kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Pingforseti þakkaði Ellert spurði hvort fleiri vildu taka til máls undir þessum lið, svo var ekki.

## 8. Álit kjörbréfa-nefndar

Næst gaf hann Steinari Einarssyni, formanni kjörbréfanefndar orðið. Alls bárust kjörbréf frá 19 félögum fyrir alls 57 fulltrúa. Því næst las hann upp kjörbréfin og bað fulltrúa að rísa úr sætum þegar nöfn þeirra væru lesin.

Eftirtaldir fulltrúar voru mættir:

### frá UMFA

Ingibjörg B. Jóhannesd.  
Valdimar L. Friðriksson  
Anna Þóra Stefánsdóttir  
Halldór Frímannsson  
Jóna Þorvarðardóttir  
Páll Aðalsteinsson  
Anna H. Gísladóttir  
Svanur M. Gestsson  
Hafsteinn Pálsson

### frá Breiðabliki

Ásgeir Friðgeirsson  
Olga Lísa Garðarsdóttir  
Kristín Jónsdóttir  
Kristján Jónatansson  
Hannes Jónsson  
Sverrir Hauksson  
Þórður St. Guðmundsson  
Hreinn Jónasson  
Ester Jónsdóttir

### frá UMFB

Jóna Konráðsdóttir  
Bjarni Jónsson

### frá Gróttu

Daniel R. Ingólfsson  
Jónas Már Fjelsted

### frá HK

Þorsteinn Einarsson  
Kristinn Gunnarsson  
Ómar Geir Þorgeirsson  
Albert H.N. Valdimarsson

### frá Gerplu

Erlendur Tryggvason

### frá Oddi

Sveinn V. Stefánsson  
Sigvaldi Ingimundarson

### frá Ými

Ólafur Bjarnason  
Jökull M. Pétursson  
Birgir Ari Hilmarsson

### frá TFK

Daniel Helgason



Raj Bonifacius <b>frá Gusti</b>	Elísabet Hannesdóttir <b>frá Stjörnunni</b>
Sævar Kristjánsson Guðmundur Hagalínsson Bjarnleifur Bjarnleifsson Þorvarður Guðmundsson	Lárus Blöndal Anna Möller Ragnar Marteinsson
<b>frá Andvara</b> Sævar Hreiðarsson	<b>frá Hvönn</b> Friðrik Björnsson Sigríður Rögnvaldsdóttir
<b>frá Golfklúbbi Ness</b> Jón Ásgeir Eyjólfsson Árni Halldórsson Geirarður Geirarðsson	<b>frá Gáiska</b> Þórður A. Hjaltested
<b>frá Skotsfélagi Kópavogs</b> Steinar Einarsson	<b>frá Herði</b> Guðný Ívars dóttir Einar Ragnarsson Órn Harðarson
<b>frá ÍAK</b> Gunnar Páll Pálsson	<b>frá Kili</b>

*Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.*

## 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Engin umsókn um aðild lá fyrir þinginu og féll þessi liður því niður.

## 10. Umræður um skýrslu stjórnar

Hafsteinn Pálsson hvað sér hljóðs undir þessum lið og lýsti ánægu sinni með skýrsluna. Hann fagnaði því að Getraunir eru farnar að borga áheitin fyrr til eignaraðila.

Páll Aðalsteinsson þakkaði greinagóða skýrslu. Hann minntist á þann hagnað sem varð á rekstri sambandsins og nauðsyn þess að eiga til sjóði sem grípa má til þegar illa árar. Hann sagði reksturinn vera til fyrirmynadar en áður fyrr hefði þurft að betla styrki frá sveitarfélögum til reksturs sambandsins.

## 11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Enginn kvað sér hljóðs varðandi reikninga sambandsins og voru reikningar því bornir undir atkvæði.

*Þeir voru samþykktir samhljóða.*

## Kaffihlé

Er hér var komið sögu var gert fundarhlé og var matur í boði bæjarstjórnar Kópavogs. Í fundarhléi voru veittar eftirfarandi viðurkenningar til afreksmanna á sviði íþrótt- og félagsmála:



## Félagsmálaskjöldur UMSK:

Halldór Frímannsson

Aftureldingu

## Afreksbikar UMSK:

Sigurður Sigurðarson

Herði

## Frjálsíþróttabikar UMSK:

Geir Sverrisson

Breiðablik

## Sundbikar UMSK:

Ragnheiður Ragnarsdóttir

Stjörnunni

## Fimleikabikar UMSK:

Rúnar Alexandersson

Gerplu

## UMFI-bikarinn:

M.fl. kv. í handknattleik

Stjörnunni

## Heiðursviðurkenning UMSK:

Gísli Halldórsson

ÍSÍ / ÓÍ

## Eftirtaldir hlutu starfsmerki:

Sverrir Hauksson

Breiðablik

Lárus Blöndal

Stjarnan

Alda Helgadóttir

Stjarnan

Örn Harðarson

Herði

Pröstur Karlsson

Herði

Ásgeir Guðmundsson

Gusti

Kristmundur Halldórsson

Gusti

## Silfurmerki:

Logi Kristjánsson

Breiðablik

## Gullmerki:

Elsa Jónsdóttir

Gerplu

**12. Skipað í nefndir til  
starfa á þinginu**

Lárus Blöndal kvað sér hljóðs og lagði fram dagskrártillögu þess efnis að ekki væri skipað í þingnefndir og tillögur ræddar í einni málstofu.

*Tillaga Lárusar var samþykkt samhljóða*



### 13. Fjárhagsáætlun lagðó fram

Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri UMSK flutti fjárhagsáætlun fyrir árið 1999 og lagði til að hún yrði merkt þingskjal nr. 2

#### Fjárhagsáætlun 1999

##### Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	1.900.000
Lottó	14.300.000
Skattur aðildarfélaga	700.000
Getraunir	700.000
Tjaldleiga	400.000
	<u>18.000.000</u>

##### Gjöld:

Skrifstofa og rekstur	3.300.000
Ping og sérráð	250.000
Lottó til aðildarfélaga	11.000.000
Afreksmannasjóður	1.200.000
Skattur til UMFÍ	200.000
Gjafir og viðurkenningar	100.000
Kostn. v/ héraðsmóta	300.000
Kostn. v/ þátttöku í mótum	100.000
Afskriftir	150.000
Landsmót	600.000
Annar kostnaður	800.000
	<u>18.000.000</u>

*Samþykkt samhljóða.*

### 14. Laga og reglu- gerðabreytingar lagðar fram

### 15. Aðrar tillögur lagðar fram

Vegna samþykkta um að ræða tillögur og mál í einni málstofu var liðum 14 og 15 á dagskránni slegið saman í einn lið.

Birgir Ari Hilmarsson flutti aðrar tillögu frá stjórn og voru þær settar í umræðu og síðan bormar upp til atkvæða:

#### Þingskjal nr. 3

75. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaranámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.



*Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.*

#### **Pingskjal nr. 4**

75. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

*Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.*

#### **Pingskjal nr. 5**

75. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 50 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 20 á félagsmenn yngri en 16 ára.

*Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.*

#### **Pingskjal nr. 6**

75. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauka bein framlög til lækkunar æfingagjalda íþróttafélaga, með það að markmiði að veita öllum börnum og unglungum jafnan aðgang að íþróttum óháð fjölskylduhögum.

*Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.*

#### **Pingskjal nr. 7**

75. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

*Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.*

#### **Pingskjal nr. 8**

#### Tillaga til breytinga á lögum UMSK

75. ársþing UMSK haldið í Kópavogi 11. febrúar 1999 samþykkir að núverandi grein nr. 4 í lögum UMSK verði svohljóðandi:

Breytingar eru undirstrikaðar

#### **4. gr. Héraðsþing**

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar árhvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með



héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en einnar tveggja viku vikna fyrirvara.

*Enginn hvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða.*

**Elísabet Hannesdóttir** flutti tillögu frá Íþróttafélagi aldraðra um breytingar á Lottóreglugerð en breytingin er feitletruð.

- 15 % Renna til sambandsins  
85 % Renna til aðildarfélaga samkvæmt eftifarandi skiptingu (skipt upp í 100 %):  
10 % Renna jafnt til félaga með unglingsastarf  
20 % Er skipt samkvæmt félagatali innan viðkomandi sveitarfélags eftir að úthlutað hefur verið sameiginlega til allra félaga í sveitarfélagini miðað við íbúafjölda þess.  
Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára og 67 ára og eldri.  
40 % Er skipt samkvæmt félagatali innan UMSK.  
Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára og 67 ára og eldri.  
10 % Renna í Afreksmannasjóð UMSK  
20 % Er skipt samkvæmt ákvörðun stjórnar UMSK.

Pá lagði hún einnig til að skattar eldri borgara verði þeir sömu og hjá börnum.

**Ingibjörg B. Jóhannesdóttir** UMFA ræddi um tillöguna og benti á að skattar hefðu verið lækkaðir um 50%. Hún benti á þá hættu sem fólgin væri í því að félögin leituðu eftir því að skrá alla eldri borgara í sinni heimabyggð í félögin til að auka hlut sinn í Lottó. Hún benti ÍAK á að sækja frekar um sérstakan styrk til UMSK.

**Birgir Ari Hilmarsson** ræddi um tillöguna og fagnaði tillögu Ingibjargar um sérstakan styrk til ÍAK.

**Pórður Guðmundsson** benti á forsendur reglugerðarinnar eins og hún er, en hún væri til að hvetja börn og unglings. Hann sagðist ekki styðja tillögu ÍAK.

**Elísabet** hvað sér aftur hljóðs og benti fundarmönnum á að félagið verður fimm ára á þessu ári. Hún sagði að félagið hefði

fengið litla sem enga fyrirgreiðslu hjá bænum og húsnaði fyrir starfsemi félagsins ekki vera fyrir hendi á þeim tímum sem hentar þessum aldurshópi. Hún velti fyrir sér hve lengi félagið ætti eftir að lifa ef það fengi ekki til þess styrki. Erfitt er að fá kennara til starfa þegar ekki er hægt að greiða þeim fyrir en hún geti ekki endalaust starfað í þessu ein. Börn og unglings hafa foreldra til að sinna málum fyrir sig og greiða æfingagjöld en félagar í ÍAK greiði 50 krónur fyrir hvern tíma sem þeir sækja.

**Valdimar L. Friðriksson** bar fram tillögu um að sambandið myndi gefa féluginu 100.000,- í afmælisgjöf.

**Ingibjörg** hvað sér aftur hljóðs og ræddi tillöguna frekar, hún benti meðal annars á að kostnaður vegna æfinga barna og unglings er mjög mikill. Hún óskaði eftir því að tillaga ÍAK verði dregin til baka.

Elíasbet dró tillögu ÍAK til baka og sagðist í staðin vonast til að þingheimur samþykkti tillögu Valdimars um afmælisgjöf til ÍAK.

Pingforseti bar upp tillögu Valdimars til atkvæða.

*Samþykkt samhljóða.*

## 16. Nefndarstörf

## 17. Afgreiðsla á áliti nefnda

## 18. Önnur mál

Pessir liðir féllu niður vegna dagskráttillögu.

**Ásgeir Friðgeirsson**, formaður Breiðabliks bað fyrstur um orðið undir liðnum önnur mál. Hann flutti efirfarandi yfirlýsingu frá íþróttafélögum í Kópavogi

"Undanfarin ár hafa átt sér stað miklar umræður í Kópavogi í þá veru að íþrótt- og ungmannafélögin í Kópavogi stofnuðu með sér nýtt íþróttahérað; Íþrótt- og ungmannabandalag Kópavogs. Formenn félaganna hafa hist á reglulegum fundum og hafa einróma samþykkt að leita eftir því við ÍSÍ og UMFÍ að leyfi fáist til að stofna íþróttahérað í Kópavogi. Félögin í Kópavogi myndu þá ganga úr UMSK. Formenn íþróttafélaganna í Kópavogi greindu stjórn UMSK frá þessum viðræðum á síðasta vetri en hér með er þessi ásetningu félaganna formlega tilkynntur."

Ásgeir sagði að bréf þessa efnis hefðu verið send ÍSÍ og UMFÍ og lýsti sig reiðubúinn til að svara spurningum um málið.

**Pórir Jónsson** bað næstur um orðið og ræddi um þær



viðurkenningar sem UMFÍ veitir, hann sagði marga hafa unnið til þeirra en færri hafa hlutið þær. Hann sagðist ætla að afhenda einum félaga innan UMSK starfsmerki en sá aðili hafi örugglega unnið til þessa merkis, hann bað Gunnar Pál Pálsson um að kom og veita merkinu viðtöku en Gunnar Páll hefur gengt mörgum trúnaðarstörfum fyrir UMSK og aðildarfélög ásamt því að hafa um margra ára skeið setið í Prastarskógarnefnd UMFÍ.

**Lárus Blöndal**, formaður Stjörnunnar bað um orðið og lýsti yfir áhyggjum sínum ef næstu nágrannar Stjörnunnar gengu úr UMSK. Hann sagði samstarfsvettvang innan UMSK vera góðan og t.a.m. hefðu Stjarnan og Breiðablik haft mikið og gott samstarf á undanförnum árum. Ef Kópavogsfélögin ganga úr UMSK þá sér hann fyrir sér að Garðabæjarfélögin muni líka hugsa sér til hreyfings, en stjórn Stjörnunnar hefur skoðað þann möguleika að stofna Íþróttabandalag í Garðabæ.

**Hafsteinn Pálsson**, kvað sér hljóðs og og tók undir þau orð Lárusar að samstarfsgrundvöllur væri góður innan UMSK.

**Kristján Sveinbjörnsson**, f.v. formaður UMSK sagði að þessar hugmyndir væru ekkert nýjar af nálinni í Kópavogi. Þessi umræða hefur skotið upp kolinum þar af og til og þá helst meðal manna sem lítið þekkja til UMSK. Þetta er ekki bara mál Kópavogsfelaganna heldur allra aðildarfélaga UMSK. Spurning er hvort sambandið geti áfram rekið þjónustuskrifstofu með starfsmanni í fullu starfi eða hvort minnka verði starfshlutfall. Hann bað menn að horfa t.d. til Hafnarfjarðar þar sem er Íþróttabandalag sem hefur verið mjög veikt þrátt fyrir að núverandi formaður hafi verið mjög duglegur. Kristján spurði að lokum hvort það væru bara peningasjónarmið sem ráði þarna ferðinni.

**Ásgeir** sté næstur í pontu og tók fram að hann tjáði sig sem formaður Breiðabliks í þetta skiptið en ekki sem fulltrúa allra félaganna í Kópavogi. Hann sagði það vera þrennt sem vaki fyrir þeim Breiðabliksmönnum með þessu:

1. Mjög mikilvægt er fyrir Kópavog sem 21 þúsund manna bæjarfélag að hafa sameiginlegan vettvang sem fjallar um Íþróttamál.
2. Mikilvægt að félögin geti keppt undir nafni bæjarins í þeim flokkum sem ekki er hægt að manna að fullu í félögunum.
3. Fjárhagsávinnungur, en fjármál sambandsins flytjast í bæinn og verður í okkar höndum að veita í það sem okkur



langar til. Trúnaður milli félaganna mun aukast þar sem tekið verður á sameiginlegum málum, s.s. uppeldisstefnu. Ásgeir sagði það kannski vera rétt að nýjir menn vildu frekar fara þessa leið.

**Svanur M. Gestsson**, formaður UMSK sagðist ekki vera tilbúinn að sleppa barninu alveg lausu. Hann sagði frá hugmynd sem kom fram á fundi sem stjórn sambandsins átti með fomönnum félaganna í Kópavogi, þ.e. sérstakt Kópavogsráð innan UMSK. Hann velti fyrir sér hvort sér íþróttahérað í Kópavogi hentaði HK og Breiðablik en efast um að það henti litlu félögunum.

**Lárus Blöndal** tók aftur til máls og sagði málið ekki verða rætt til þrautar á einu kvöldi. Hann sagði málið þurfa frekari umræðu og hvatti stjórn UMSK til þess að skipa nefnd í málið.

**Ingibjörg B. Jóhannesdóttir** tók næst til máls og sagði málið greinilega vera innanhúsvandamál í Kópavogi. Hún sagði vandamál allstaðar vera fyrir hendi en þau verður að leysa heima hjá sér. Hún benti jafnframtá það að innan UMSK ætti Kópavogur og Garðabær umtalsverðan meirihluta.

**Svanur M. Gestsson** kvað sérlit hljóðs og bað Elsu Jónsdóttur sem var nýkomin í salinn um að koma upp. Hann afhenti henni Gullmerki sambandsins en það stóð til að afhenda henni það í 75 ára afmælishófi sambandsins, en Elsa gat því miður ekki verið þar og fær því merkið afhent nú.

Hallgrímur Jónasson, þingforseti bar nú upp tillögur sem borist höfðu um kjör í stjórn og aðrar trúnaðarstöður. Engin mótframboð bárust og voru því eftirtaldir rétt kjörnir:

#### Formaður til eins árs:

Svanur M. Gestsson Afturelding

#### Stjórnarmenn til tveggja ára:

Ester Jónsdóttir Breiðablik

Albert H.N. Valdimarsson HK

#### Varastjórn til eins árs:

Jóna Þorvarðardóttir Afturelding

Berglind Guðmundsdóttir UMFB

Einar Jóhannsson Grótta

## 19. Kosningar



**Skoðunarmenn reikninga til eins árs:**

Gunnar Páll Pálsson  
Kristján Sveinbjörnsson

**Til vara:**

Hafsteinn Pálsson  
Logi Kristjánsson

**Dómstóll til þriggja ára:**

Halldór Frímannsson

**Til vara:**

Gunnar Lúðvíksson

Hallgrímur Jónasson þingforseti tók þá til máls og óskaði nýkjörnum formanni og stjórn til hamingju með kjörið. Hann þakkaði þingfulltrúum góða þingsetu og málefnalega umræðu og gaf síðan nýkjörnum formanni orðið.

Nýkjörinn formaður UMSK, Svanur Gestsson, þakkaði þingfulltrúum traustið sem honum var sýnt með endurkjöri, hann þakkaði fulltrúum fyrir góða mætingu og fundarsetu.

Að lokum þakkaði hann gestgjöfum fyrir aðstöðuna og sleit að því búnu þingi.

Valdimar L. Friðriksson  
Jóhanna Geirdóttir  
þingritrarar

## 20. Þingslit



# Tillögur samþykktar á 75. ársþingi UMSK

## Pingskjal nr. 2

### Fjárhagsáætlun 1999

#### Rekstrartekjur:

Útbreiðslustyrkur UMFÍ og ÍSÍ	1.900.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	14.300.000
Skattar aðildarfélaga	700.000
Getraunir	700.000
Tjaldleiga	400.000
Alls	<b>18.000.000</b>

#### Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	3.300.000
Þing og sérráð	250.000
Lottó til aðildarfélaga	11.000.000
Afreksmannasjóður	1.200.000
Skattur til UMFÍ	200.000
Gjafir og viðurkenningar	100.000
Kostn. v/ héraðsmóta	300.000
Kostn. v/ þáttöku í mótum	100.000
Afskriftir	150.000
Landsmót	600.000
Annar kostnaður	800.000
Alls	<b>18.000.000</b>

### Pingskjal nr. 3

75. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaranámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þáttöku í þeim.

### Pingskjal nr. 4

75. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbryggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.



#### **Pingskjal nr. 5**

75. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 50 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 20 á félagsmenn yngri en 16 ára.

#### **Pingskjal nr. 6**

75. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauka bein framlög til lækkunar æfingagjalda íþróttafélaga, með það að markmiði að veita öllum börnum og ungingum jafnan aðgang að íþróttum óháð fjölskylduhögum.

#### **Pingskjal nr. 7**

75. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

#### **Pingskjal nr. 8**

#### **Tillaga til breytinga á lögum UMSK**

75. ársþing UMSK haldið í Kópavogi 11. febrúar 1999 samþykkir að núverandi grein nr. 4 í lögum UMSK verði svohljóðandi:

Breytingar eru undirstrikaðar

#### **4. gr. Héraðsping**

Sambandið skal árlega halda héraðsping og skal það haldið í febrúar árhvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsping, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsping skal senda aðildarfélögum með eigi minna en einnar tveggja viku vikna fyrirvara.

# Lög Ungmennasambands Kjalarneßings

## 1. gr. Heiti og sam- bandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarneßings, skammstafað UMSK. Sambandsvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

## 2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

## 3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

## 4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptishjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögur með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

## 5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deillumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögum senda fyrir 1. apríl ár hvert.

## 6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögini kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmannna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.



## 7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Skoðunarmenn reikninga
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.
- f. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

## 8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Pingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
  - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
  - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
  - e. Kosning í héraðsdómstól.
  - f. Kosning til Íþróttapings skv. lögum
- ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er halddið.
20. Pingslit.

Eflægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á two eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

## 9. gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

## 10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur two skoðunarmenn reikninga og two til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

## 11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

## 12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kýs ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

## 13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

## 14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

## 15. gr. Gildistaka

Dagsetningar:

a) Samþykkt héraðsþings UMSK:

1998-02-07



# Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

## 1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

## 2. gr. Viðurkenningar

1. **Starfsmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
2. **Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
3. **Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. **Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
5. **Félagsmálaskjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. **Afreksbikar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. **UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. **Frjálsíþróttabikar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. **Sundbikar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
10. **Fimleikabikar UMSK**, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári

# Reglugerð um sérnefndir UMSK

## 1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

## 2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

## 3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeilda íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

## 4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

## 5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á svíði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

## 6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárvkuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

## 7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK



# Reglugerð um skólahlaup UMSK

## Pátttokuréttur

Allir nemendur í grunnskólum á sambandsvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. bekk eiga keppnisrétt í Skólahlaupi UMSK. Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokki.

Keppt skal í bæði einstaklings- og sveitakeppni pilta og stúlkna. Fjórir skipa hverja sveit og er heimilt að senda fleiri en eina sveit. Ístigakeppni sveita teljasteinungis þeir skólar sem senda fullskipaða sveit og eru sex fyrstu frá viðkomandi skóla í sveit A, næstu sex í sveit B o.s.frv.

Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september, október og haldið á viðurkenndum frjálsíþróttavelli.

## Vegalengdir

4. bekkur 400 metrar
5. bekkur 400 metrar
6. bekkur 800 metrar
7. bekkur 800 metrar
8. bekkur 800 metrar
9. bekkur 1500 metrar
10. bekkur 1500 metrar

## Stigagjöf

Veitt skulu stig eftir röð keppenda í mark, eins og tilkast í útreikningum við víðavangshlaup. P.e.a.s. að sa fyrsti fær eitt stig, annar tvö, þriðji þrjú o.s.frv. Einungis skulu veitt stig til þeirra sem eru með sveitir. Sú sveit sem hefur fæst stig telst sigurvegar.

## Verðlaun

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í hverjum árgangi, bæði pilta og stúlkna. Þá skulu veitt sérverðlaun fyrir sigur í sveitakeppni í hverjum árgangi, þ.e.a.s. samanlagður árangur pilta og stúlkna.

Þá skulu veitt sérverðlaun þeim skóla sem er með bestu pátttokuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgöngum. Allir hljóta viðurkenningu fyrir þáttökuna.

## Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

Formaður	Svanur M. Gestsson	UMFA	S. 566-6944
Varaformaður	Ester Jónsdóttir	Breiðablik	S. 554-4158
Ritari	Valdimar Friðriksson	UMFA	S. 557-3072
Gjaldkeri	Albert H.N. Valdimarsson	HK	S. 555-2832
Meðstjórnandi	Sævar Kristjánsson	Gustur	S. 564-4888

Til Vara:

Jóna Þorvarðardóttir	UMFA	S. 588 6607
Berglind Guðmundsdóttir	UMFB	S. 565 4015
Einar Ingvar Jóhannsson	Grótta	S. 561 1258

